

Ed.

184. Frumvarp til laga

[125. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

Flm.: Sverrir Bergmann.

1. gr.

6. málsg. 44. gr. laganna orðist svo:

Nú dvelst sá, sem dagpeninga nýtur, í sjúkrahúsi eða á hæli á kostnað samlags síns og skal hann þá halda dagpeningum óskertum. Hið sama gildir um sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.

2. gr.

5. málsg. 50. gr. (VI. kafla) laganna orðist svo:

Elli-, örorku- eða ekkjulfeyrisþegi heldur óskertum lífeyrisgreiðslum, þótt til komi vistun á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann nema um sé að ræða samfellda vistun á slíkum stofnunum umfram 24 mánuði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til þess að fá numin úr gildandi lögum um almannatryggingar skerðingarákvæði, er taka til sjúkradagpeninga annars vegar og elli-

og örorkulífeyris hins vegar, þegar um er að ræða tímabundna sjúkrahúsdvöl þeirra, sem þessara greiðslna njóta.

Í lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, er gert ráð fyrir því, að dveljist sá er dagpeninga nýtur á sjúkrahúsi megi lækka dagpeninga hans um allt að þriðjung, ef hann á heimili sínu hefur fyrir öðrum að sjá, ella allt að $\frac{2}{3}$ hlutum. Með frumvarpi þessu er lagt til, að skerðingarákvæði þessi falli niður.

Þá er í sömu lögum gert ráð fyrir, að lífeyrir elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega falli niður dveljist þeir í stofnun þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir þá lengur en í einn mánuð og ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Með lögum um breyting á lögum um almannatryggingar 1974 var svo ákveðið, að tryggingaráði væri heimilt að víkja frá þessum tímatakmarkunum, ef sérstaklega stæði á. Með þessu frumvarpi er lagt til, að skerðingarákvæðin falli niður og grein laganna gerð ákveðnari hvað tímamörkum viðkemur.

Augljóslega þurfa elli- og örorkulífeyrisþegar oft á tímabundinni sjúkrahúsdvöl að halda. Tíðni sjúkdóma, sem oft eru langvinnir, eykst með aldrinum. Þá eru margir öryrkjar einnitt slíkir vegna sjúkdóma, er krefjast reglulega endurmat og sérhæfðrar meðferðar, sem erfitt er að láta í té utan sjúkrahúsa. Má búast við sjúkrahúsdvöl hjá þessum einstaklingum oftast en öðrum og sjálfir fá þeir litlu um það ráðið, hversu oft og hversu lengi hverju sinni þeir þurfa að dvelja á sjúkrahúsunum. Getur sjúkrahúsdvölin hæglega farið fram úr þeim tímamörkum, sem leyfð eru í gildandi lögum um almannatryggingar án þess að til skerðingar á lífeyri komi. Þetta hefur einnig reynst vandamál mörgum elli- og örorkulífeyrisþega. Hafa þeir þurft að útskrifast af sjúkrahúsum, án þess að meðferð væri lokið, eða þeir hafa þurft að fresta sjúkrahúsdvöl til þess að halda lífeyri sínum óskertum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem halda heimili, þurfa áfram að greiða reksturskostnað heimilis síns, svo sem leigu, rafmagn, hita, síma, útvarp, sjónvarp o. s. frv., þótt til tímabundinnar dvalar á sjúkrahúsi komi. Margir þeirra hafa engar aðrar tekjur og standa því ráðlitlir gagnvart venjulegum rekstrarkostnaði heimilis, ef lífeyrir þeirra fellur niður. Getur slíkt kippt fótum undan heimilishaldi þeirra, sem annars er í raun þjóðfélaginu í hag, þar eð það léttir á byrði elli- og dvalarheimila í landinu.

Rétt er, að lífeyrisgreiðslur falli inn í ramma gildandi laga, ef samfelld sjúkrahúsvist elli- og örorkulífeyrisþega verður 24 mánuðir eða lengri, enda telst þá ekki lengur vera um að ræða tímabundna sjúkrahúsvist.

Sjúkradagpeningar eru tímabundin greiðsla, miðuð við tólf mánuði hverju sinni. Upphæð sjúkradagpeninga getur ekki orðið hærri en $\frac{3}{4}$ af vinnutekjum hins sjúka mánuðina undanfarandi veikindum hans. Frekari skerðing sjúkradagpeninga vegna tímabundinnar sjúkrahúsdvalar skapar sömu vandamál og hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og er af sömu ástæðum óréttlát og skerðing á lífeyri þeirra vegna tímabundinnar sjúkrahúsvistar.

Líta verður á sjúkradagpeninga og elli- og örorkulífeyri sem laun til þeirra, er vegna aldurs og/eða sjúkdóma geta ekki aflað sér þeirra á hinum almenna launamarkaði. Laun þessi eru langt undir venjulegum vinnutekjum og ósanngjarnt að þau séu skert enn frekar komi til tímabundinnar vistunar á sjúkrahúsi. Sýnist slíkt ekki í anda þess tilgangs, er liggur að baki lögum um almannatryggingar. Á það ber einnig að líta, að sjúkratryggingar greiða að fulla tímabundna sjúkrahúsdvöl allra landsmanna og hafa aðrir en nefndir einstaklingar ýmist ráðningu, er tryggir þeim óskert eða lítt skert laun, þótt til tímabundinnar sjúkrahúsvistar komi, eða þá að aðrir hafa möguleika á tryggingum, er bæti þeim launamissi í tímabundnum veikindum.